

*Tónskóli Mýrdalshepps*



# **SKÓLANÁMSKRÁ**

Tónskóla Mýrdalshrepps

2025-2026

*Október, 2025*

## **Skólanámskrá Tónskóla Mýrdalshrepps**

1.útgáfa 2025

Tónskóli Mýrdalshrepps

Vík

Setning og umbrot: Alexandra Chernyshova

# Efnisyfirlit

|                                                                                          |    |
|------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| <i>Formáli</i> .....                                                                     | 5  |
| <i>Tónskóli Mýrdalshrepps</i> .....                                                      | 6  |
| <i>Einkunnarorð Tónskólans Mýrdalshrepps</i> .....                                       | 6  |
| <i>Hagnýtar upplýsingar</i> .....                                                        | 7  |
| <i>Stjórnandi</i> .....                                                                  | 7  |
| <i>Kennarar</i> .....                                                                    | 7  |
| <i>Tónlistarskóladagatal 2025-2026</i> .....                                             | 8  |
| <i>Skipurit tónskólans</i> .....                                                         | 9  |
| <i>Deildir tónskólans</i> .....                                                          | 9  |
| <i>Hlutverk og markmið tónskólans</i> .....                                              | 9  |
| <i>Meginmarkmið Tónskóla eru:</i> .....                                                  | 10 |
| <i>Leikni-og skilningsmarkmið</i> .....                                                  | 10 |
| <i>Samfélagsleg markmið</i> .....                                                        | 11 |
| <i>Til foreldrar/forráðamanna nemenda í tónskólanum á leik-og grunnskóla aldri</i> ..... | 11 |
| <i>Skólareglur tónskólans</i> .....                                                      | 12 |
| <i>Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps</i> .....                                            | 13 |
| <i>Flygill okkar Mýrdælinga</i> .....                                                    | 14 |
| <i>Innritun – forgangsröð</i> .....                                                      | 16 |
| <i>Skólagjöld/systkinafláttur</i> .....                                                  | 16 |
| <i>Heimanám</i> .....                                                                    | 16 |
| <i>Kennslubækur</i> .....                                                                | 17 |
| <i>Hljóðfæri/leiga</i> .....                                                             | 17 |
| <i>Próf og námsmat</i> .....                                                             | 17 |
| <i>Tónvíska</i> .....                                                                    | 18 |
| <i>Youtube rás tónskólans</i> .....                                                      | 18 |
| <i>Samvinna við leikskóla og grunnskóla</i> .....                                        | 18 |
| <i>Samvinna við menningar stofnanir í Vík og nágrenni</i> .....                          | 19 |
| <i>Samstarf við foreldra</i> .....                                                       | 20 |
| <i>Tónleikar og viðburðir</i> .....                                                      | 20 |
| <i>Tónleikaröð tónskólans Sunnlenskur tónblær</i> .....                                  | 20 |
| <i>Tón-Klúbbur Tónskólans</i> .....                                                      | 21 |
| <i>Tónlistarkeppni tónskólans Flygill</i> .....                                          | 22 |
| <i>Viðurkenningar tónskólans</i> .....                                                   | 22 |
| <i>Kennslugreinar</i> .....                                                              | 23 |

|                                                                   |                  |
|-------------------------------------------------------------------|------------------|
| <b>Fornám í tónlist Syngjandi fjölskylda .....</b>                | <b>23</b>        |
| <b>Hljóðfærasmiðja .....</b>                                      | <b>24</b>        |
| <b>Tónmennt – Barnakórinn – 1.-6.bekk .....</b>                   | <b>24</b>        |
| <b>Bílskúrsband – valgrein í 8-10.bekk .....</b>                  | <b>25</b>        |
| <b><i>Starfstími/skólaárið.....</i></b>                           | <b><i>26</i></b> |
| <b><i>Rekstur.....</i></b>                                        | <b><i>26</i></b> |
| <b><i>Framtíða náms-og starfsmöguleikar í tónlist .....</i></b>   | <b><i>26</i></b> |
| <b><i>Framtíðarsýn tónskólans - Vínafélag tónskólans.....</i></b> | <b><i>28</i></b> |

## Formáli

Þetta er fyrsta útgáfa af námskrá Tónskólans Mýrdalshrepps. Skólanámskránni er ætlað að taka á flestu sem kemur að skipulagi, námi og kennslu tónskóla ásamt upplýsingum um fyrirkomulag prófa. Leitast er við að gefa góða heildarsýn yfir sem flesta þætti skólastarfsins, m.a. hvaða nám skólinn býður upp á og hverjum það er ætlað, uppbyggingu skólans og kennsluhætti.

Tónskólinn gegnir lykilhlutverki við miðlun tónlistarþekkingar og þróun tónlistarlífs í bæjarfélaginu. Tónskólinn þjónar breiðum hópi tónlistaráhugafólks á ýmsum aldri, jafn þeim sem stunda námið sér til ánægju og þeim sem hyggjast leggja tónlistina fyrir sig. Mikilvægt er að tónlistarnám vekji ánægju og örvi nemendur til að iðka tónlist og njóta hennar.

Áætlunin er að skólanámskráin verði lifandi og þróist með skólanum, nýjum áskorunum, markmiðum og verkefnum hans.

## Tónskóli Mýrdalshrepps

Tónskóli Mýrdalshrepps var stofnaður haustið 1981 og býður upp á nám í hljóðfæraleik og söng ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í Aðalnámskrá Tónlistarskóla. Núverandi skólastjóri er Alexandra Chernyshova og hefur hún gegnt því starfi frá árinu 2023 og eru nemendur á milli 70 -80 talsins.

## Einkunnarorð Tónskólans Mýrdalshrepps

Einkunnarorð Tónskólans Mýrdalshrepps eru *Tónlist, Gleði og Samhljómur*.

Við veitum fjölbreytta þjónustu og sinnum þörfum samfélagsins eftir mætti. Við leggjum áherslu á að við skólann starfi vel menntað og hæft starfsfólk og eru gerðar kröfur um nákvæm vinnubrögð, ábyrgða og góða þjónustu. Skólinn leggur jafna áherslu á almenna tónlistarfræðslu sem og krefjandi einkakennslu í hljóðfæraleik, söng, tónsköpun og bóklegum fögum. Starfsfólk skólans leggur mikið upp úr þróunarstarfi og samstarfi og vill efla tengingar við aðra menntastofnanir á svæðinu sem leikskólann Mánaland og grunnskólann Víkurskóli og sömuleiðis aðra stofnanir á svæðinu eins og félag eldri borgara og kór eldri borgara Syngjandi, Víkurkirkju, Félagsmistöð unga fólkins OZ, upplýsinga miðstöð Kötlusetur, elliheimilið Hjallatún og Íþróttamistöðina í Vík. Með því viljum við tryggja að sú mikla sérþekking og tónlistar kraftar sem býr í fjölbreyttu samfélagi nýtist samfélaginu öllu sem best. Stefna okkar er að auka tónleikahald og tónlistargleði og sjálfstraust hjá nemendum okkar og vera sýnileg í samfélaginu Vík í Mýrdal. Við höfum öll sett okkur það að markmiði að koma fram af fagmennsku, virðingu og vera nemendum okkar góðar fyrirmyndir. Tónlistarskólinn hefur gert það að stefnu sinni að námsmat nemenda sé einstaklingsmiðað og fjölbreytt. Við viljum stuðla að aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi og framvindu og efla samtal innan lærdómssamfélagsins um markmið, þarfir og kennsluaðferðir. Stefnt er að því að á bak við allar greinar séu sýnilegar áfangalýsingar og virkar kennsluáætlanir sem styðja við ofangreind markmið. Við viljum að sama skapi leita nýrra leiða til að tækniþróun styðji við upplýsingamiðlun og kennslu bóklegra sem og verklegra greina og skoða nýja möguleika til fjarkennslu. Tónlistarhurð Tónskólans Mýrdalshrepps er opin fyrir alla sem vilja kynnast íslenskri tónlistarmenningu.

## Hagnýtar upplýsingar

Heimilisfang:  
Tónskóli Mýrdalshrepps  
Sunnubraut 7  
870 Vík  
Sími: 4871485  
Netfang: [tonskoli@vik.is](mailto:tonskoli@vik.is)

## Stjórnandi

Skólastjóri: Alexandra Chernyshova  
Gsm: 8945254  
Netfang: [alexandradreamvoices@icloud.com](mailto:alexandradreamvoices@icloud.com)

## Kennarar

Alexandra Chernyshova – Skólastjórn – Söngur – Tónsmíði – Forskóli  
Gsm: 894-5254  
Netfang: [alexandradreamvoices@icloud.com](mailto:alexandradreamvoices@icloud.com)

Álvaro Sánchez Bernal – Gítar  
Gsm: 854-1962  
Netfang: [ungodin@gmail.com](mailto:ungodin@gmail.com)

Katrín Waagfjörð – Klarinett - Horn  
Gsm: 868-9597  
Netfang: [katrin@vikurskoli.is](mailto:katrin@vikurskoli.is)

Orri Guðmundsson – Trommur – Tónfræði – Meðleikur  
Gsm: 697-4948  
Netfang: [orrigudmundsson@gmail.com](mailto:orrigudmundsson@gmail.com)

Yuichi Yoshimoto – Píanó – Meðleikur  
Gsm: 782-6064  
Netfang: [yoshimoto4428@gmail.com](mailto:yoshimoto4428@gmail.com)

# Tónlistarskóladagatal 2025-2026

Samband Íslenskra  
sveitarfélaga

## Tónlistarskóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

Tónskóli Mýrdalshrepps

| AGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NÓVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRUAR | MARS | APRÍL | MÁJ  | JÚNÍ | JÚLÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|------|
| 1 F   | 1 M       | 1 M     | 1 L      | 1 L      | 1 F    | 1 S     | 1 S  | 1 M   | 1 F  | 1 M  | 1 M  |
| 2 L   | 2 Þ       | 2 F     | 2 S      | 2 S      | 2 F    | 2 M     | 2 M  | 2 F   | 2 L  | 2 Þ  | 2 F  |
| 3 S   | 3 M       | 3 F     | 3 L      | 3 M      | 3 Þ    | 3 F     | 3 F  | 3 S   | 3 Þ  | 3 M  | 3 F  |
| 4 M   | 4 F       | 4 L     | 4 Þ      | 4 S      | 4 S    | 4 M     | 4 M  | 4 L   | 4 M  | 4 F  | 4 L  |
| 5 Þ   | 5 F       | 5 S     | 5 S      | 5 F      | 5 F    | 5 F     | 5 F  | 5 Þ   | 5 Þ  | 5 F  | 5 S  |
| 6 M   | 6 L       | 6 M     | 6 M      | 6 L      | 6 Þ    | 6 F     | 6 F  | 6 M   | 6 M  | 6 L  | 6 M  |
| 7 F   | 7 S       | 7 Þ     | 7 S      | 7 F      | 7 M    | 7 L     | 7 L  | 7 Þ   | 7 F  | 7 S  | 7 Þ  |
| 8 F   | 8 M       | 8 L     | 8 Þ      | 8 M      | 8 F    | 8 S     | 8 S  | 8 M   | 8 F  | 8 M  | 8 M  |
| 9 L   | 9 Þ       | 9 F     | 9 S      | 9 Þ      | 9 F    | 9 M     | 9 M  | 9 F   | 9 L  | 9 Þ  | 9 F  |
| 10 S  | 10 M      | 10 L    | 10 M     | 10 M     | 10 L   | 10 Þ    | 10 Þ | 10 F  | 10 S | 10 M | 10 F |
| 11 M  | 11 F      | 11 L    | 11 S     | 11 S     | 11 F   | 11 M    | 11 M | 11 L  | 11 M | 11 F | 11 L |
| 12 Þ  | 12 F      | 12 S    | 12 M     | 12 F     | 12 M   | 12 F    | 12 F | 12 S  | 12 Þ | 12 F | 12 S |
| 13 M  | 13 L      | 13 Þ    | 13 S     | 13 F     | 13 F   | 13 M    | 13 L | 13 M  | 13 M | 13 L | 13 M |
| 14 F  | 14 S      | 14 F    | 14 F     | 14 S     | 14 M   | 14 L    | 14 L | 14 Þ  | 14 F | 14 S | 14 Þ |
| 15 F  | 15 M      | 15 L    | 15 M     | 15 M     | 15 L   | 15 Þ    | 15 S | 15 M  | 15 F | 15 M | 15 M |
| 16 L  | 16 Þ      | 16 F    | 16 S     | 16 F     | 16 F   | 16 M    | 16 M | 16 F  | 16 L | 16 Þ | 16 F |
| 17 S  | 17 M      | 17 L    | 17 M     | 17 M     | 17 L   | 17 Þ    | 17 S | 17 M  | 17 F | 17 M | 17 F |
| 18 M  | 18 F      | 18 L    | 18 Þ     | 18 F     | 18 S   | 18 M    | 18 M | 18 L  | 18 M | 18 F | 18 L |
| 19 Þ  | 19 F      | 19 S    | 19 M     | 19 M     | 19 L   | 19 Þ    | 19 S | 19 M  | 19 F | 19 M | 19 S |
| 20 M  | 20 L      | 20 Þ    | 20 S     | 20 F     | 20 F   | 20 M    | 20 M | 20 L  | 20 M | 20 F | 20 M |
| 21 F  | 21 S      | 21 F    | 21 F     | 21 M     | 21 M   | 21 L    | 21 L | 21 Þ  | 21 S | 21 M | 21 Þ |
| 22 F  | 22 M      | 22 L    | 22 M     | 22 M     | 22 L   | 22 Þ    | 22 S | 22 M  | 22 F | 22 M | 22 M |
| 23 L  | 23 Þ      | 23 F    | 23 S     | 23 F     | 23 M   | 23 L    | 23 M | 23 L  | 23 M | 23 F | 23 F |
| 24 S  | 24 M      | 24 L    | 24 M     | 24 M     | 24 L   | 24 Þ    | 24 S | 24 M  | 24 F | 24 M | 24 F |
| 25 M  | 25 F      | 25 L    | 25 Þ     | 25 F     | 25 F   | 25 M    | 25 M | 25 L  | 25 M | 25 F | 25 L |
| 26 Þ  | 26 F      | 26 S    | 26 M     | 26 F     | 26 M   | 26 L    | 26 F | 26 S  | 26 M | 26 F | 26 S |
| 27 M  | 27 L      | 27 M    | 27 M     | 27 L     | 27 Þ   | 27 F    | 27 S | 27 M  | 27 F | 27 M | 27 M |
| 28 S  | 28 S      | 28 Þ    | 28 F     | 28 S     | 28 M   | 28 L    | 28 L | 28 Þ  | 28 F | 28 S | 28 Þ |
| 29 F  | 29 M      | 29 L    | 29 M     | 29 M     | 29 L   | 29 Þ    | 29 S | 29 M  | 29 F | 29 M | 29 M |
| 30 L  | 30 Þ      | 30 F    | 30 S     | 30 F     | 30 M   | 30 L    | 30 M | 30 F  | 30 L | 30 Þ | 30 F |
| 31 S  | 31 M      | 31 F    | 31 S     | 31 M     | 31 L   | 31 Þ    | 31 S | 31 M  | 31 F | 31 M | 31 F |

## Skipurit tónskólans

|                         |
|-------------------------|
| <b>Skólastjóri</b>      |
| <b>Kennarar</b>         |
| <b>Aðrir starfsmenn</b> |

## Deildir tónskólans

- **Forskóli**
- **Hljóðfæraval**
- **Klassísk deild**
- **Rýtmísk deild**
- **Söngdeild**
- **Fræðigreinar**
- **Áhugadeild**

## Hlutverk og markmið tónskólans

Hlutverk tónlistarskóla er að:

- Stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar, m.a með því að þjálfa tóneyra þeirra og einbeitingu, veita þeim fræðslu og auka færni á sviði hljóðfæraleiks, söngs og tónfræðigreina.
- Búa nemendur undir að geta iðkað tónlist uppá eigin spýtur, m.a. með því að veita undirstöðu þekkingu, efla sjálfsaga og sjálfstæð vinnubrögð nemenda, jafnframt því að örva þá til að leika tónlist og syngja, bæði einir og með öðrum.

- Veita nemendum góða tæknilega tilsögn í hljóðfæraleik og söng, markvissa þjálfun í tónfræðigreinum og tækifæri til að koma fram.
- Stuðla að auknu tónlistarlífi, m.a. með því að hvetja til virkni nemenda og kennara í almennu tónlistarlífi, með samvinnu við aðrar mennta- og menningarstofnanir og samstarfi við listamenn.

## Meginmarkmið Tónskóla eru:

### Uppeldisleg markmið

1. Nemendur öðlist áhuga á tónlist og tónlistariðkun með því að:

- syngja og leika á hljóðfæri
- hlusta á fjölbreytta tónlist við margs konar aðstæður
- skapa eigin tónlist
- taka þátt í samleik og samsöng
- koma fram á tónleikum

Auk þessa stuðli tónlsitarnám að því að efla sjálfsmynd nemenda, einbeitingarhæfni þeirra og hæfni til að vinna með öðrum

### Leikni-og skilningsmarkmið

#### 1. Sjálfstæð vinnubrögð

-Nemendur læri og æfist að leika tónlist eftir nótum, jafnt undibúið sem óundirbúið

-Nemendur æfist í að leika og syngja eftir heyrn og minni.

#### 2. Hlustun og skilningur

-Nemendur læri að heyra og skilja frum-og túlkunarþætti tónlistar.

-Nemendur læri að njóta tónlistar og upplifa hana sem hlustendur og þátttakendur öðlist þekkingu, geri grein fyrir ólíkum tónlistarstefnum, stíltegundum og tímabilum

#### 3. Sköpun eigin tónlistar

-Nemendur læri og þjálfist í að setja fram eigin tónhugmyndir, bæði skriflega og leiknar af fingrum fram

-Nemendur læri og þjálfist í að setja saman hefðbundnar eða óhefðbundnar tónsmíðar

-Nemendur læri og þjálfist í að spinna út fá gefnu upphafi, hljóferli eða eftir öðrum aðferðum

#### 4. Túlkun tónlistar og flutningur

- Nemendur þjálfist í að túlka tónlist með tilliti til aldurs og stíls tónverka
- Nemendur læri að flytja og túlka tónlist með tilliti til greiningar á viðkomandi verkum
- Nemendur þjálfist í að flytja tónverk með tilliti til tilfinningalegs innihalds þeirra

### Samfélagsleg markmið

- Veita öllum, sem þess óska, færi á að kynnast tónlistarnámi af eigin raun
- Skapa nemendum tækifæri til tónlistarflutnings, jafnt innan skóla sem utan
- Stuðla að aukinni þátttöku áhugafólks í tónlitsarlífi
- Stuðla að góðri fagmenntun tónlistarmanna og tónlistarkennara
- Efla tónlistarlíf í samfélaginu
- Stuðla að góðum undirbúningi undir margvísleg tónlistarstörf
- Efla íslenska tónmenningu og beita sér fyrir varðveislu tónlistararfs þjóðarinnar.

### Til foreldrar/forráðamanna nemenda í tónskólanum á leik-og grunnskóla aldri

-Einkunarorðið tónskólann Mýrdalshrepps (frá árinu 2023) eru: *Tónlist, gleði og sjálftraust. Á árinu 2025 var eikunnarrorðum var breytt í **Tónlist, gleði og samhljómur.***

-Tónskólinn er fyrir alla. Hins vegar hafa ekki allir sömu væntingar til skólans.  
-Tónskólinn starfar skv. aðalnámskrá tónlistarskóla og er skólanámskrá tónskólans að koma til móts og finna leiðir til tónlistarnáms sem henti öllum nemendum tónskólans.

-Ef foreldrar óska eftir því að barninu sé kennt skv. aðalnámskrá tónlistarskóla, þá þurfa þeir jafnframt að taka á sig ákveðna ábyrgð á tónlistarnáminu.  
Foreldrar þurfa að sjá um að barnið æfi sig heima og vinni þau verkefni, t.d. tónfræði. Ekki er hægt að taka t.d. miðstig nema búið sé að taka bæði verklegt grunnstig og grunnstig í tónfræði.

-Ef foreldri ákveður og óskar eftir að barninu verði ekki kennt skv. aðalnámskrá, þá getur kennari útbúið sérstakt námsplan og markmið fyrir nemenda. Þá eru ekki tekin stigspróf.

-Börn á leik-og grunnskólaaldri er kennt á skólatíma nema foreldri óskar eftir öðru og þá kennt eftir skólatíma.

-Foreldrar eru alltaf velkomnir að koma í heimsókn og fylgja sínum börnum í tónlistartíma.

-Börn í 1-2.bekk sem stunda tónlistarnám við tónskólans eru alltaf sótt af tónlistarkennaranum frá grunnskólanum til tónskólans og skilað til baka.

## Skólareglur tónskólans

- Nemendum ber að sýna kennurum, samnemendum og starfsfólki tónskólans kurteisi og virðingu.
- Nemendum ber að mæta stundvíslega, vel undirbúnir og með öll námsgögn í kennslustund.
- Ef nemandi forfallast ber að tilkynna það til skólans eða viðkomandi kennara eins fljótt og kostur er.
- Ef nemandi mætir ekki í eina kennslustund án tilkynningar, skal kennari hafa samband við foreldra eða forráðamenn og skólastjóra. Mæti nemandi ekki í þrjár kennslustundir án tilkynningar er nemandi, foreldri/forráðamaður og kennari boðaðir á fund með skólastjóra.
- Nemendur eru hvattir til að taka þátt í tónleikum, tónfundum og viðburðum, og að fylgja þeim siðareglum á tónleikum sem skólinn hefur að leiðarljósi.
- Þegar kennari veikist fellur kennsla hjá honum niður, en ef veikindi eru lengur en í tvær vikur ber skólanum að útvega forfallakennara sé þess kostur.
- Tónskólinn reynir eftir bestu getu að bæta nemendum upp tíma sem falla niður vegna ófærðar.
- Nemandi/forráðamenn bera ábyrgð á að nemandi mæti stundvíslega.
- Kennari bætir ekki nemendum upp tónlistartíma ef nemandi fer í frí, fær leyfi eða nemandi veikist.
- Skemmdir á eignum skólans (húsnæði, hljóðfærum) geta varðað brottrekstri.
- Nemandum ber að ganga vel um skólann og hengja upp útifatnað og fara úr skóm.
- Nemendur mega ekki hafa hávaða á göngum tónskólans á meðan þeir bíða eftir kennslustund.
- Útleigð hljóðfæri eru á ábyrgð nemanda/ forráðamanna. Verði hljóðfæri fyrir tjóni bera nemandi/ forráðamenn kostnað af viðgerð eða endurnýjun. Ef hljóðfæri er ekki skilað fyrir lok leigutíma telst það sem að nemandi hafi týnt hljóðfærinu og er þá skylt að greiða það að fullu.
- Heimilt er að vísa nemanda frá námi, ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið segjast við áminningu.
- Nemendum er heimilt að skipta á milli námsgreina við næsta skólaár, en alls ekki á miðju skólaári.

- Skólagjald er fyrir heilt skólaár og er greitt með tveimur greiðslum, í september og október. Þeir sem óska eftir að greiða í þremur greiðslum skulu senda tölvupóst á skólastjóra og tilkynna það fyrir innheimtudaginn í lok september.
- Athugið að uppsagnarfrestur á námsplássi sem byrjað er að nýta er **3 mánuðir**. Hafið samband við skrifstofu og/eða skólastjóra ef nemandi óskar eftir að hætta námi við skólann. Hægt er að senda tölvupóst á [tonskoli@vik.is](mailto:tonskoli@vik.is).

## Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps

Málstefna samþykkt á starfsdegi 22. ágúst 2025

Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps byggir á:

1. [Lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, nr. 61, 7. júní 2011](#) og
2. [Íslenskri málstefnu 2021-2030, samþykkt 6. september 2021](#).

### Stefna

Tónskóli Mýrdalshrepps þjónar stórum hópi nemenda innan sveitarfélagsins Mýrdalshrepps. Hann miðlar

tónlistarlegri þekkingu til nemenda á öllum aldri og hefur því mikilvægu samfélagslegu hlutverki að

gegna. Málstefna Tónskóla Mýrdalshrepps tekur mið af þessu. Skólinn leggur áherslu á að efla faglega

umræðu um tónlistarkennslu á íslensku, samhliða því að miðla á íslensku þekkingu til samfélagsins alls.

Íslenska er samskiptamál skólans, bæði sem talmál og ritað mál, hvort sem er í kennslu eða stjórnsýslu.

Mál það sem notað er í Tónskóla Mýrdalshrepps skal vera vandað, einfalt og skýrt. (8. og 10. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls).

Tónskóli Mýrdalshrepps gerir þær kröfur til starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun íslensku í kennslu.

Nemendur skulu fá kennslu á íslensku. Með því að tala íslensku í kennslustundum styðja tónlistarskólakennarar við máltöku og málþroska barna.

## **Framkvæmd og útfærsla**

1. Íslenska er samskiptamál skólans. Á það við um talað og ritað mál í samskiptum við nemendur, foreldra, kennara, annað samstarfsfólk og stjórnarsýslu.
2. Kennst er á íslensku. Í kennslu eru kennarar hvattir til að ræða við nemendur sína um þýðingar hugtaka úr erlendum tungumálum, svo sem ítölsk tónlistarheiti.  
einstakra
3. Erlendir starfsmenn Tónskóla Mýrdalshrepps eru hvattir til að sækja námskeið í íslensku og tileinka sér tungumálið. Upplýsingar um íslenskunám má m.a. finna á heimasíðu Fjölmennningardeildar  
Vinnumálastofnunar: <https://mcc.is/is/ad-bua-a-landi/menntun/islenskunam>. Áhersla er lögð á að erlendir kennarar kenni á íslensku eins fljótt og auðið er og efli um leið orðaforða sinn á kennslufræðilegum og tónfræðilegum hugtökum.
4. Íslenskumælandi kennarar tali íslensku við erlenda kennara. Þetta er mikilvægur liður í að þeir nái tókum á íslenskunni. Með samræðu eykst orðaforði og þeir styrkjast sem einstaklingar í íslensku samfélagi.

## **Umsjón og ábyrgð.**

Skólastjóri skólans ber ábyrgð á málstefnu Tónskóla Mýrdalshrepps, en framkvæmd er á ábyrgð allra starfsmanna.

## **Flygill okkar Mýrdælinga**

Árið 2007 þann 26. desember, varð Anna Björnsdóttir sextug. Hana langaði að gera eitthvað frumlegt eða merkilegt fyrir tónlistarlíf í Vík og þá kviknaði hugmyndin um flygilkaup fyrir Mýrdælinga. Anna kom að máli við þáverandi sveitarstjóra, Svein Pálsson, og leist honum vel á hugmyndina. Var þá hafist handa við undirbúning; stofnuð var flyglanefnd sem átti að sjá um framkvæmd og fjáröflun vegna kaupanna en í henni voru: Helga Viðarsdóttir Kristín Ragnarsdóttir og Anna Björnsdóttir. Send var auglýsing til helstu miðla um afmælið og fyrirhugaða fjáröflun. Anna baðst undan gjöfum vegna afmælisins en benti þess í stað á nýstofnaðan flyglasjóð. Skemmst er frá því að segja að á nokkrum mánuðum söfnuðust u.þ.b. kr. 500.000. Nefndin nýtti alls konar aðferðir við söfnunina m.a. var farið um allan Mýrdalinn og bankað upp á hjá fyrirtækjum, stórum sem smáum, fyrirtæki í Vík voru heimsótt og falast eftir vinningum til að hafa á bingói sem svo var haldið í Leikskálum. Alls staðar var

erindinu vel tekið og voru vinningarnir af ýmsu tagi, gistingar, út að borða, kjötlæri, grænmeti, útreiðartúrar, útsýnisflug og margt fleira, þar með taldar peningagjafir. Eitt haustið var nefndin með bás á Regnbogahátíðinni og þar gafst fólki kostur á að styrkja sjóðinn með mánaðarlegu framlagi í einhvern tiltekinn tíma, allt að eigin vali. Verkefnið kallaðist „að taka flygilinn í föstur“. Þarna safnaðist töluver upphæð t.d. voru brottfluttir Mýrdælingar rausnarlegir. Ýmis fyrirtæki og félagasamtök styrktu sjóðinn myndarlega, burtséð frá þessum herferðum stallsystranna í nefndinni. Einnig barst vegleg upphæð til minningar um horfinn ástvin og svo mætti lengi telja.

Söfnunin tók lengri tíma en gert var ráð fyrir og hækkaði verð flygilsins umtalsvert á þeim tíma, meira en upphaflega var reiknað með eða um tvær og hálf milljón. Nú voru góð ráð dýr. Flyglanefndin sendi bréf til Sveitarstjórnar og fór fram á að sveitarsjóður fjármagnaði það sem á upp á vantaði en þá voru liðin 8 ár frá stofnun sjóðsins. Var þessu erindi vel tekið og með því tókst að festa kaup á flygli árið 2015. Þegar flygillinn var kominn varð hann hálfgerð olnbogabarn, þar sem húsnæðismál voru í nokkrum ólestri, því svona hljóðfæri þurfa hálfgerða ungbarna umönnun. Nefnin leitaði til Elíasar Guðmundssonar hótélstjóra með beiðni um að flyglinum yrði komið fyrir á Icelandair hótelinu. Elías tók erindinu vel og „fóstraði“ hljóðfærið í 8 ár og styrkti, auk þess, kaupin með myndarlegri peningagjöf. Elíasi Guðmundssyni skulu hér, færðar sérstakar þakkir fyrir að hafa séð um flygilinn. Flygillinn var vígður, með stórtónleikum, á Icelandair hótelinu 9. október 2015.

Haust 2023 var komið að tímamótum og flyglinum komið fyrir í húsnæði Tónskóla Mýrdalshrepps, Sunnubraut 7, Vík. Þar sómir hann sér vel og er nýttur til kennslu og tónleikahalds, öllum Mýrdælingum til ómældrar gleði og ánægju. Alexandra Chernyshova, tónskólastjóri tók á móti flyglinum fagnandi með þökk frá öllum tónlistarkennurum og nemendum og færði að gjöf nafnskilti á flygil. Á Regnbogahátíðinni 2023, flygillinn boðinn velkominn með glæsilegum einleiks píanótónleikum Dr. Nínu Margrétar Grímsdóttur í sal skólans. Í kjölfæri á þessari fallegu hljóðfæragjöf var stofnuð tónlistarkeppni Tónskólans sem heitir – Flygill. Fyrsta **tónlistarkeppnin Flygill** var haldin hátíðarlega á degi tónlistarskólanna á Íslandi 7.febrúar 2024 og það voru fjórtíu tónlistar nemendur sem tóku þátt. Systurnar Laufey og Freyja Atladætur Waagfjörð unnu fyrstu keppnina, heiðursdómari var Anna Björnsdóttir.

## **Innritun – forgangsröð**

-Nemendur sem stunda nám við Tónskóla Mýrdalshrepps fá í lok apríl ár hvert bréf frá skólanum þar sem þeim er boðið að endurnýja námsdvöl við skólann. Nemendur skulu staðfesta umsókn um skólavist næsta skólaár fyrir skólaslit tónskólans.

-Um miðjan maí skal auglýsa eftir nýjum umsóknum um skólavist og á sama tíma á endurnýjun umsókna þeirra sem skráðir eru á biðlista eftir námi við skólann

-Umsókn um nám í tónskólanum gildir eigöngu eitt skólaár og þarf að endurnýja árlega.

-Við endurnýjun á umsókn skapast forgangur miðað við þá sem eru að sækja um nám í fyrsta sinn.

## **Skólagjöld/systkinaafsláttur**

Skólagjöld er hægt að nálgast á heimasíðu skólans. Skólagjöldum er skipt í 2(3) greiðslur fyrir heilt ár ( sept. – okt.)

Til að njóta systkinaafsláttar þurfa nemendur að vera skráðir á sama forráðamann og með sameiginlegt lögheimili.

## **Heimanám**

Til að ná góðum tókum á náminu er mikilvægt að nemendur byrji strax að æfa sig heima. Lengd æfinga fer eftir aldri barnsins og hversu langt það er komið, en það skiptir mestu máli að æfa reglulega og helst daglega frá byrjun. Yngstu nemendurnir, til dæmis 5 ára, ættu að æfa sig að minnsta kosti 5–10 mínútur á dag, og síðan má lengja æfingátímann smám saman eftir því sem barnið þróast í náminu.

Þegar að byrja er að læra á hljóðfæri - gott að hafa rútínu og utan umhald með heima æfingum, t.d. gott ef foreldrar og forráðamenn geta sest niður með barninu og ákveða saman tíma og daga þegar barnið er að æfa heima.

## Kennslubækur

Kennslubækur vegna einkanáms á hljóðfæri/söng þurfa nemendur að kaupa sjálfir, en ef þess er óskað getur skólinn pantað námsefni fyrir nemendur.

## Hljóðfæri/leiga

Skólinn á nokkurt safn af strengja og blásturshljóðfærum sem nemendur geta fengið leigð.

Mikilvægt er að nemendur fari vel með hljóðfærin og láti þau alltaf í tösku þegar æfingum er lokið. Bili hljóðfæri eða skemmist skal hafa samband við skólann án tafar. Nemandinn ber ábyrgð á hljóðfæri því sem hann er með í leigu. Þegar ljóst þykir að nemandinn haldi áfram í námi er gert ráð fyrir að hann eignist sitt eigið hljóðfæri. Ef kaupa á nýtt hljóðfæri er ráðlegt að gera það í samráði við viðkomandi hljóðfærakennara.

## Próf og námsmat

Nýtt samræmt prófakerfi fyrir landið tók gildi 2004. Námið skiptist í þrjá megináfanga: grunnnám (I.-III.stig), miðnám (IV-V stig) og framhaldsnám (VI.-VII. stig). Hverjum megináfanga lýkur með áfangaprófi, þ.e. grunnprófi, miðprófi

og framhaldsprófi, annars vegar í hljóðfæraleik og hins vegar í tónfræðagreinum. Lengd námstíma innan hvers áfanga er mismunandi og ræðst af ástundun,

getu og þroska hvers einstaklings.

Milli áfangaprófa eru tekin stigspróf þ.e. I., II., IV., og VI. stig. Athuga þarf að til þess að áfanga-/stigspróf sé gilt þarf nemandi að hafa lokið prófum í tónfræðagreinum sem eru hliðstæðar því stigi sem hann er að ljúka. Allir nemendur taka próf á hverju skólaári, þeir nemendur sem ekki þreyta stigspróf eða áfangapróf taka vorpróf. Stigspróf og vorpróf á hljóðfæri/söng eru oftast í síðustu viku fyrir páskaleyfi, tónfræðapróf í byrjun maí. Leggja þarf inn umsókn hjá prófanefnd tónlistarskóla vegna töku áfangaprófa, prófdómarar á hennar vegum dæma prófin, í flestum tilfellum eru áfangapróf seinni hluta skólaárs.

Kennari metur hvort og hvenær nemandi er tilbúinn að þreyta áfangapróf eða stigspróf. Til að standast áfanga-/stigspróf þarf lágmarkseinkunnina 6.0.

Öll prófskírteini eru afhent við skólaslit.

Þessi nemendur sem taka ekki vorpróf eða svo kölluð árspróf koma fram á vortónleikunum tónskólans og fá þannig metinn árangur fyrir skólaárið. Allir nemendur tónskólans fá viðurkenningaskjal við skólaslit.

Námsmat í tónskólanum stendur tvisvar á ári. Tónlistarkennarar fara yfir námsmat nemenda sinna í desember og í maí.

## Tónvíska

Tónvíska er upplýsingarkerfi fyrir tónlistarskóla á Íslandi og hefur verið tekin í notkun í Tónskólanum Mýrdalshrepps í vetur 2023. Stjórnandi og kennarar eru í auknu mæli að nýta sér þá möguleika sem forritið hefur upp á að bjóða og farnir að nota þennan samskiptamöguleika með góðum árangri. Í dag eru allir tónlistarkennarar skólans með aðgang að svæði sem inniheldur upplýsingar um tónlistarnemendur og forráðarmenn, til þess að skrá námsárangur, markmið, mætingu og þátttöku og eining að ná betra sambandi við foreldra og nemendur í gegnum tölvupóst- samskipti. Tónskólastjóri sendir reglulega fréttabréf til forráðarmanna og nemendur tónskólans um helstu viðburðir, framtíðarplön og upplýsingar. Einnig er umsókn um skólavist rafræn í gegnum tónvisku <https://tonviska.is/form/82/3kLvH4zDERevaYtd/>

## Youtube rás tónskólans

Youtube rás tónskólans var stofnuð árið 2023 af Alexöndru Chernyshovu, skólastjóra. Á youtube rás tónskólans má finna skemmtileg myndbönd frá viðburðum tónskólans:

<https://www.youtube.com/@TonskoliMyrdalshrepps>

## Samvinna við leikskóla og grunnskóla

Nemendur í einkanámi á grunnskólaaldri eiga í sumum tilvikum kost á að sækja nám í tónlistarskólanum á kennslutíma grunnskólans. Þá fær nemandi að fara úr kennslustund í tónlistartíma. Það er háð leyfi foreldra/forráðamanna og skólastjóra/kennara í grunnskólanum.

Haustið 2023 hófst formlegt samstarf milli tónlistarskólans og grunnskólans. Í dag eru öll börn á aldrinum 6 – 11 ára frá grunnskólanum skráðir sem nemendur tónlistarskólans. Samstarf skólanna stuðlar að því að sem flest börn fá sama rétt á að kynnast tónlistarnámi.

Tónlistarskóli býður tónmennt fyrir 1-6.bekk með áherslu á söng og barnakór. Kennslustund er einu sinni í viku 40mín allt skólaárið. Að kennslu koma þrír kennarar tónskólans.

Fyrir nemendur 4.-5.bekk er í boði hljóðfærasmiðja. Kennt er 40 mín.einu sinni í viku í litlum hópum 8 vikur að hausti og 8 vikur að vori á hljóðfæri: píanó, trommur, úkulele, blokkflautu, tréspil.

Fyrir 8.-10. bekk er í boði tónlistarvalgrein sem getur breyst á milli ára: tölvur og tónlist og bílskúrsband. Kennt er tvær klukkustundur 80 mín. einu sinni í viku.

Samvinna með leikskóla er í formi heimsóknar tvisvar á ári elstu deildar leikskólans til tónskólans og einnig tónleikar tónlistarskólanemenda í leikskólanum um jólin.

Einnig er í boði fyrir leikskólabörn Fornám í tónlist **Syngjandi fjölskylda** - fyrir börn frá 5 mánuði til 6 ára og þeirra fjölskyldumeðlima. Þar fá börn og foreldrar tækifæri til að upplifa tónlist saman í leik, söng og hreyfingu. Kennt er 45 mín í sjö vikna námskeiði að hausti og sjö vikur að vori með opinni loka æfingu, svo kölluð uppskeruhátíð Syngjandi fjölskyldunnar.

## **Samvinna við menningar stofnanir í Vík og nágrenni**

Tónskóli tekur virkan þátt í menningarviðburðum og hátíðum í Vík. Fastar hátíðir eru Regnbogahátíð, Jólahátíð Mýrdælinga, Sumardagurinn fyrsti og Vor í Vík. Einnig má skoða hvert ár fyrir sig þátttöku tónskólans á 17. júní og 1.maí.

Tónskóli er í góðu samstarfi við menningarstofnanir í Vík t.d. félagið eldri borgara og kór eldri borgara Syngjandi, Víkurkirkja, Félagsmistöð unga fólkins OZ, upplýsinga miðstöð Kötlusetur, elliheimilið Hjallatún og Íþróttamiðstöð í Vík.

## Samstarf við foreldra

Samvinna við foreldra er mjög mikilvæg. Í september og maí eru foreldra og þema vika, foreldrar/forráðamenn eru þá boðnir sérstaklega velkomnir að sitja kennslustund með barni sínu, kynna sér hvernig náminu miðar og hvað er framundan. Það skal þó tekið fram að foreldrar/forráðamenn eru alltaf velkomnir í kennslustund og eru hvattir til að hafa samband við kennara hvenær sem þurfa þykir. Hægt er að nálgast netföng tónlistarkennara á heimasíðu skólans.

## Tónleikar og viðburðir

Nemendur fá mörg tækifæri að koma fram á tónleikum sem eru haldnir yfir skólaárið. Áhersla er lögð á að nemendur komi fram á opnum tónleikum eigi sjaldnar en tvisvar á skólaárinu.

Í október og apíl eru haldnir tónleikar á hátíðum sem áhersla er lögð meira á samspil og kórsöng. Á jóla- og vortónleikum eru tónleikar haldnir í öllum deildum og er meira lagt upp úr á einleik og einsöng.

Auk þess heldur hver deild tónfundi einu sinni á mánuði.

Þátttaka nemenda í tónleikahaldi er liður í náminu, er það ákvörðun kennara í samráði við nemanda. Litið er á tónleikasókn sem hluta af náminu.

## Tónleikaröð tónskólans Sunnlenskur tónblær

Að frumkvæði tónskólastjórans Alexöndru Chernyshovu var sótt um styrk til Uppbyggingasjóðs til að halda tónleikaröðina **Sunnlenskur tónblær** haustið 2024 á vegum Tónskóla Mýrdalshrepps, verkefnistjóri tónleikaraðarinnar er Alexandra. Verkefnið fékk styrk að fimm hundruð þúsund krónur. *Markmið verkefnisins*: er að styðja við tónlistarlíf í Mýrdalshreppi og tónlistarmenn sem tengjast Mýrdalshrepp og nágrenni. Nýsköpunargildið felst í því að ekki hefur verið áður tónleikaröð í Vík á vegum Tónskólans.

Fyrstu tónleikar í tónleikaröðinni Sunnlenskur tónblær -21.sept. kl.17:00 í sal Tónskólans — Söngtónleikar „Ástin er...“. Flytjendur: Alexandra Chernyshova, sópran og Kjartan Valdemarsson, píanóleikari.

Aðrir tónleikarnir í tónleikaröðinni Sunnlenskur tónblær. 26.sept. kl.19:30 í Víkurkirkju – Bach o.fl. á orgeltónleikum. Flytjandi: Jón Bjarnason, dómorganisti í Skálholt.

Þriðju tónleikarnir í tónleikaröðinni Sunnlenskur tónblær. 28.sept. kl. 17:00 í Víkurkirkju – Gítar og söng tónleikar „Þitt er mitt“ Flytjendur: Guðrún Ólafsdóttir og Javier Jáuregui.

5.október kl. 17:00 í sal Tónskólans - Flyglatónleikar. Flytjandi: Kjartan Valdemarsson, píanóleikari og tónskáld. Fjörði tónleikarnir í tónleikaröðinni Sunnlenskur tónblær.

Styrktaraðilar:  
Menningarsjóður SSV  
Hótel í Vík  
Krónan í Vík  
Víkirkirkja

Árið 2025 verður annað árið í röð sem tónleikaröð Sunnlenskur tónblær verður haldin vonandi við eins góðar undirtektir.

## Tón-Klúbbur Tónskólans

Tónskólinn er að vinna fyrir samfélagið og stendur fyrir uppbyggingu á tónlistarmenntun og eflingu tónlistaráhuga í Vík. Tón-klúbbur er eitt af þessum leiðarljósum.

Frá árinu 2023 voru ellefu tón-klubbar kynnir til leiks með eftirminnanlegum tónlistarmönnum.

**Tón-Klúbbur Tónskóla Mýrdalshrepps** í samstarfi við frístundastarf og félagsheimilið Leikskálar. Megin markmið Tón-Klúbbsins er að kynna tónlistarfólk frá Vík í Mýrdal og nágrennis fyrir tónlistarnemendur Tónskólans og sömuleiðis fyrir aðra, og vekja athygli ungs fólks á tónlistarlífi í sveitarfélaginu. Annan hvern mánuð kemur einn eða fleiri tónlistarmenn og taka nokkur lög á sín hljóðfæri og segja frá eigin reynslu að vera tónlistarmaður og hvernig tónlistaráhuginn kviknaði hjá þeim. Yngri kynslóðinni gefst tækifæri að spyrja forvitnilegra spurninga og hlusta á tónlistarfólkið deila sögum sínum og tónlist. Frábært tækifæri fyrir forvitna tónlistarkrakka og ungt fólk og alla sem hafa áhuga á tónlist. Hugmynd og stjórnandi: Alexandra Chernyshova.

## Tónlistarkeppni tónskólans Flygill

Haustið 2023, að frumkvæði Önnu Björnsdóttir, fékk Tónskóli í Vík að eiga Flygill – Yamaha, sem stendur í sal tónskólans og er mikið elskaður og mikið nýttur í starfi skólans. Þar sem flygillinn er orðinn hjarta tónskólans, fæddist hugmynd með að fagna tónlistargleði með Tónlistarkeppni

Tónskólans **FLYGILL fyrir nemendur tónskólans**. Keppnin hefur fjóra flokka: börn 0-5, 5 - 10 ára, unglingar 11 ára - 18 ára og fullorðin. Keppni er opin öllum tónlistarnemendum Tónskóla Mýrdalshrepps. Keppni í þremur flokkum: besta frumsamda lag, besta ævintýrasagan/ ljóðið og besta teikningin. Hátíðarleg verðlaunaathöfn og tónleikar voru haldnir á Degi Tónlistarskólanna 7.febrúar hvert ár.

Allir þáttakendur fá viðurkenningu og glaðning.

Innsendingar eiga að sendast á tölvupóst tónskólans [tonskoli@vik.is](mailto:tonskoli@vik.is) eða koma með innsendingum í keppnina í Tónskólann á Sunnubraut 7, Vík.

Heiðursdómari tónlistarkeppninar: Anna Björnsdóttir, aðal dómari: Alexandra Chernyshova, skólastjóri tónskólans.

## Viðurkenningar tónskólans

Á skólasliti tónskólans fá 5-7 tónlistarnemendur á fullorðins aldri viðurkenningaskjal - Þakkarbréf fyrir virka þátttöku í tónlistarlífi tónskólans á liðnu skólaári.

Fyrir framúskarandi árangur eru veittar viðurkenningar tónskóla í öllum tónlistargreinum afhent á skólasliti Tónskólans.

Styrkurinn er sem einingarnóta við tónskólan fyrir næsta skólaár sem nemur 5.000kr og er í öllum greinum

- söngur
- píanó, hljóðborð
- gítar, bassi, ukulele
- blássláhljóðfæri: klarinett, horn, flauta
- tónsmíði
- barnakór
- trommur
- tónfræði

Styrkurinn er fyrir nemendur á aldrinum frá 5 ára til 16 ára.

Allir tónlistarnemendur sem eru 4.-5. ára og 1.-3.bekk fá viðurkenningaskjal frá Tónskólanum og fá viðurkenningu sem heitir - framtíða tónlistarvon tónlistarskólans – 2 tónlistarstyrkir er 5.000kr.

Í lok árs tilnefna tónlistarkennarar tónskólans nemenda/ur í sínum greinum fyrir tónlistarstyrk og ákvörðun um styrk er tekin á kennarafundi fyrir skólaslit.

Viðmið fyrir tónlistarstyrk er: ( samantekt frá kennarafundi)

Tónlistarnemendur á grunnskólaaldri sem stóðu sig vel allan veturinn í tónlistarnáminu, mæta tímanlega í tíma, leggja sig fram í tímum, æfa sig heima, koma alltaf með dagbók tónskólans, sýna um veturinn virkilegan áhuga og skilning til tónlistarnámi, tóku þátt í tónleikunum á vegum tónskólans og aðra viðburði og ná góðum árangri í tónlistarnáminu.

## Kennslugreinar

Kennslugreinar sem eru í boði: blokkflauta, píanó, gítar, gítarhóp, söngur, kórsöngur, tónsmíði, mál- og tré-blásturshljóðfæri, trommur, rafgítar, rafbassi, tónfræðagreinar, Syngjandi Fjölskylda, hljóðfærasmiðja, bílskúrsband og fullorðinfræðsla.

Allar kennslugreinar sem í boði eru miðast þó við eftirspurn nemenda og framboð af kennurum ár hvert.

## Fornám í tónlist Syngjandi fjölskylda

- fyrir börn frá **5 mánuði til 6 ára** og þeirra fjölskyldumeðlimi. Þar fá börn og foreldrar tækifæri til að upplifa tónlist saman í leik, söng og hreyfingu. Kennt er í sjö vikna námskeiði, 45 mín í viku að hausti og sjö vikur að vori. Síðasta kennslustund er sömuleiðis opin fyrir vini nær og fjær. Í lok námskeiða fá fjölskyldur viðurkenningarskjöl, textahefti Syngjandi fjölskyldu og tónlistarglaðning.

## Hljóðfærasmiðja

( hópkennsla ) fyrir **4.- 5.bekk**, 8 vikur að hausti og 8 vikur að vori. Kennt er 40 mín einu sinni viku í litlum hópum á píanó, úkulele, trommum, blokflautu og tréspili.

Með þessari hljóðfærakynningu fær nemandi, á einum vetri, að kynnast tveimur ólíkum hljóðfærum. Það ætti að auðvelda honum val á það hljóðfæri sem höfðar mest til hans að kynningu lokinni. Hafi hann hug á að fara í frekara nám.

Að nemandi:

- Læri að setja saman hljóðfærið, þar sem það á við.
- Læri umgengni við hljóðfærið.

**Dæmi um lagaval fyrir hljóðfæri:**

- Góða mamma
- Maja átti lítið lamb
- Gamli nói
- Semja lítið lag úr 3 - 5 tónum
- Spili á hljóðfærið
- Fá tilfinningu fyrir tóni.
- Læri að lesa 3 - 5 nótur og nótnagildin.
- Beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt.
- Læri þindaröndun fyrir þau hljóðfæri sem við á.
- Kynnist röddun bæði í söng og á hljóðfæri.
- Geti í lok námskeiðs spilað/sungið eitt til tvö einföld lög.

### Námsmat

Kennari metur þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Í lok námskeiða fá nemendur – lokið eða ólokið.

## Tónmennt – Barnakórinn – 1.-6.bekk

Tónmennt – Barnakórinn er kenndur á vegum **Tónskóla Mýrdalshrepps**. Kennt er einu sinni í viku 40 mín kennslustund í sal Víkurskóla eftir skóladagatali Tónskólans.

**Söngur** spilar stóran þátt í tónmenntakennslu í Víkurskóla þar sem nemendur syngja fjölbreytt lög af söngdagskrá skólans. Einnig er unnið með frumþætti tónlistar; takt, tónhæð og tónstyrk í gegnum virka hlustun. Unnið er með tónlistarhugtök og ólíkar tónlistarstefnur. Nemendur taka virkan þátt í viðburðum Víkurskóla og Tónskóla þegar við á.

### **Hæfniviðmið**

- sýnir áhuga, virðingu, tillitsemi og kurteisni bæði skólafélögum og starfsfólki
- fara eftir fyrirmælum sem gefin eru
- tekur þátt í barnakór og samsöng og sungið fjölbreytt lög af söngdagskrá
- geta notað röddina til hljóð- og tónsköpunar
- getur sungið fjölbreytt íslenskt lög, keðjusönglög, þjóðlög og dægurlög
- getur nefnt og greint hugtök t.d. sterkt/ veikt, hátt/ djúpt, langt/ stuttan hljóðblæ, endurtekningu, hljóð/ þögn.
- getur nefnt heiti ýmissa hljóðfæra eftir sjón og heyrn
- þekkir tónlist sem hefur verið hlustað á frá mismundandi tímabilum og menningarsvæðum
- þekkir sönglög sem tengjast íslenskum hátíðardögum
- getur beitt virkri hlustun, tjáð og jafnvel rökstutt upplifun sína
- getur samið og flutt dans eða hreyfingu við tónlist
- við lok 6.bekkjar getur greint tónlist frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum
- við lok 6.bekkjar getur greint ólíkar stíltegundir og fjallað um þær- við lok 6.bekkjar getur greint og metið tónlist af sanngirni

### **Námsmat**

Kennari metur hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birtir á Tónvisku. Námsmat skiptist á tvær annir: haustönn og vorönn. Kennari metur þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Við lok námskeiða fá nemendur – lokið eða ólokið.

## **Bílskúrsband – valgrein í 8-10.bekk**

Kennt er einu sinni í viku 80 mín.

**Lýsing** - að gefa krökkum rými og tíma til þess að skapa tónlist saman sem hljómsveit. Annað hvort að skapa sína eigin tónlist eða spila lög sem eru eftir aðra listamenn.

**Markmiðið** - að krakkarnir myndu finna fyrir þeirri gleði sem fylgir því að spila tónlist og einnig að gera þau að betri tónlistarmönnum.

Farið verður yfir uppbyggingu á lagagerð ásamt textagerð og að sjálfsögðu yrði kennarinn leiðbeinandi á hljóðfærin.

**Námsmat** - Kennari metur þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Við lok námskeiða fá nemendur – lokið eða ólokið.

## Starfstími/skólaárið

Starfstími tónlistarskóla er frá 15. ágúst til 15. júní, kennsludagar nemenda skulu þó ekki hefjast fyrr en 20. ágúst og þeim skal lokið eigi síðar en 5. júní. Starfstími Tónlistarskóla Sandgerðis er að jafnaði á tímabilinu 15. ágúst til 31. maí. Lengd skólaárs ræðst af kjarasamningi tónlistarkennara.

## Rekstur

Tónskóli Mýrdalshrepps er rekinn af Mýrdalshreppi og er starfsemi hans fjármögnuð af bæjarsjóði og með námsgjöldum. Við skólann eru starfandi átta manna skólaráð – FFMR ( Fjölskyldu, frístunda- og menningarráðs)

## Framtíða náms-og starfsmöguleikar í tónlist

Tónlistarkennari

### Hljóðfæra-/söngkennari (klassískt & rytmískt)

- Listaháskóli Íslands – Hljóðfærakennarabrot (B.Mus.Ed.)
- Meistaránám í söng- og hljóðfærakennslu (M.Mus.Ed.) – kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskóla
- Söngskólinn í Reykjavík – í samstarfi við ABRSM

### Tónfræðakennari / tónmenntakennari

- LHÍ – tónsmíðar (BA)
- LHÍ – skapandi tónlistarmiðlun (BA)
- Háskóli Íslands – Kennaradeild (B.Ed./M.Ed.) með áherslu á tónlist, leiklist eða dans

### Suzuki-tónlistarkennari

- Íslenska Suzukisambandið – kennsluaðferð fyrir ung börn

Frammistaða og listsköpun

### **Klassískur hljóðfæraleikari / söngvari**

- LHÍ – Hljóðfæri/söngur (B.Mus.)
- Meistaránám við erlenda tónlistarháskóla

### **Rytmískur tónlistarmaður / söngvari**

- Menntaskólinn í tónlist (MÍT) – rytmískt nám til framhaldsprófs
- Erlendir tónlistarháskólar (jazz/pop/rytmísk tónlist)

### **Organisti / kirkjutónlistarmaður**

- LHÍ – Kirkjutónlist (BA)
- Tónskóli þjóðkirkjunnar – kirkjuorganistapróf og kantorspróf

### **Kórstjórn / hljómsveitarstjórn**

- LHÍ – skapandi tónlistarmiðlun með áherslu á stjórn
- Tónskóli þjóðkirkjunnar – kórstjórn og kirkjutónlist

Skapandi og nýsköpun

### **Tónskáld / tónsmíðar**

- LHÍ – tónsmíðar (BA + meistaránám)
- NAIP – New Audiences & Innovative Practice (meistaránám, alþjóðlegt samstarf)

### **Músíkþerapía (tónlistarmeðferð)**

- Ekki sérstök námsleið við LHÍ, en hægt að velja námskeið innan tónlistardeildar (skapandi tónlistarmiðlun, NAIP)
- Nám erlendis (t.d. við American Music Therapy Association)
- Háskóli Íslands / HA – nám í sálfræði, hjúkrun eða menntavísindum samhliða

Tækni og tengd störf

### **Hljóðtækni / upptökur / hljóðhönnun**

- Tækniskólinn – hljóðtækni
- Kvikmyndaskóli Íslands – skapandi tækni
- LHÍ – tónsmíðar, upptökur, tölvutónlist

### **Hljóðverkfræði / akústík**

- Háskóli Íslands – verkfræði (iðnaðar-, vélaverkfræði, tölvunarfræði)
- HR – byggingarverkfræði
- Erlendir skólar í hljóðverkfræði (Audio Engineering / Acoustics)

### **Hljóðfærasmíði, viðgerðir, píanóstillingar**

- Nám erlendis, oft í samstarfi við framleiðendur (t.d. Steinway)

### **Stjórnun og menningarstörf**

- Háskólinn á Bifröst – MA í menningarstjórnun (MCM)
- Háskóli Íslands – mannauðsstjórnun, stefnumótun o.fl.
- LHÍ – námskeið í menningarstjórnun (val í BA/MA námi)

### **Tengd störf í menntun og listum**

- Leikari / sviðslistir – LHÍ – Sviðslistadeild
- Leikskólakennari / grunnskólakennari – HÍ – kennaramenntun
- Frumkvöðlastarf í listum – NAIP hjá LHÍ

## **Framtíðarsýn tónskólans - Vinafélag tónskólans**

Tónskóli Mýrdalshrepps leggur áherslu á að byggja áfram á ríkjandi skemmtilegu og lifandi tónlistarstarfi þar sem nemendur fá tækifæri til að vaxa og njóta tónlistarinnar. Skólinn vill tryggja áframhaldandi gæði í kennslu og skapandi verkefnum, þar sem áhugi og gleði nemenda eru í forgrunni. Mikilvægt er að samfélagið allt taki þátt og styrki þetta starf, og væri því sérstaklega dýrmætt að stofna **Vinafélag Tónskólans** sem bakland og stuðningsaðila. Með slíku félagi má efla tengsl milli skóla og samfélags, styrkja mikilvægt starf Tónskólans og skapa framtíð þar sem tónlist er lifandi hluti af daglegu lífi í Mýrdalshreppi.